

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1139/2015, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2016.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 er leyfilegur heildarafli sem hér segir:

	A	B	C	D	E	F
	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
Alls	45.979	2.000	2.437	41.542	283	41.825

Skýringar á töflu:

- A. Leyfilegur heildarafli.
- B. Frádráttur skv. ákvæði VIII til bráðabirgða við lög nr. 116/2006.
- C. Frádráttur skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).
- D. Samtala eftir skerðingar.
- E. Viðbætur vegna ársins 2015 á grundvelli tvíhliða samnings Íslands og Noregs.
- F. Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 10% umfram aflamark í norsk-íslenskrri síld á árinu 2016 og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á árinu 2017. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá árinu 2016 til ársins 2017.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafra og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. júní 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Baldur P. Erlingsson.

Hinrik Greipsson.